



Tillögur að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í listum og menningu

Útgefandi:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Tillögur að aukinni þátttöku fatlaðs fólks í listum og menningu

Apríl 2026

mnh@mnh.is

www.mnh.is

Umbrot og textavinnsla:

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

©2026 Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Samantekt

Skýrsla þessi sem unnin er af starfshópi á vegum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og er hluti af lögfestingu stjórnvalda á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meðlimir starfshópsins hafa allir persónulega reynslu af fötlun og viðtæka snertingu við menningu og listir.

Skýrslan skiptist í tvo meginhluta:

Fyrri hlutinn fjallar á breiðum grunni um stöðuna á aðgengi fatlaðs fólks að listum og listsköpun eins og hún blasir við og þá með tilliti til opinberra listastofnana, menningarsjóða og háskólastofnana í listum. Sérstök áhersla er lögð á höfuðborgarsvæðið en starfshópur er meðvitaður um að greining á aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu utan höfuðborgarsvæðis þurfi að fara fram í kjölfar þessarar skýrslu.

Í seinni hluta skýrslunnar eru lagðar fram ítarlegar tillögur að aðgerðaáætlun sem miða að því að auka markvisst aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu með því að:

- Gera menningarstofnunum skylt að móta sérstaka inngildingarstefnu og auka aðgengi fatlaðs fólks í allri starfsemi sinni.
- Setja á laggirnar inngildingarsjóð í listum.
- Tryggja inngildingu í öllum helstu menningarsjóðum.
- Tryggja aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi í listum.

Efnisyfirlit

Samantekt	3
1. Formáli.....	6
Inngangur	12
2. Ytra aðgengi - að njóta lista.....	13
2.1 Aðgengi að upplýsingum - vefsíður	14
2.2 Aðgengi að byggingum listastofnana	15
2.3 Aðgengi að efni listastofnana	16
2.4 Fjármagn og hindranir.....	18
3. Innra aðgengi - að skapa list.....	19
3.1 Innra aðgengi að lista- og menningarstofnunum.....	20
3.1.1 Stefnumótun	20
3.1.2 Ráðningar og starfsfólk	22
3.2 Innra aðgengi að sjálfstæðri listastarfsemi	24
• Reykjavík Dance Festival (RDF).....	27
4. Listnám	28
4.1 Háskólanám í listum.....	29
4.1.1 Stefnumótun	30
4.1.2 Líkamlegt aðgengi.....	30
4.1.3 Inntökuskilyrði og námsbrautir	31
4.1.4 Opinn listaháskóli.....	32
4.1.5 Áskoranir	32

5. Tillögur starfshóps.....	33
5.1 Aukin inngilding innan lista- og menningarstofnana.....	33
5.1.1 Gerð verði aðgengis- og inngildingarstefna hjá öllum lista- og menningarstofnunum ásamt aðgerðaáætlun og eftirfylgni.....	33
5.1.2 Aðgengis- og inngildingarstefna mótuð í víðu samráði við fjölbreytta hópa.....	33
5.1.3 Hluti fjármagns lista- og menningarstofnana fari í aukna inngildingu.....	33
5.1.4 Tryggt aðgengi að vefsetrum opinberra lista- og menningarstofnana og smáforritum þeirra í samræmi við WCAGstaðalinn.....	34
5.1.5 Aðgengisúttekt á lista- og menningarstofnunum.....	34
5.2 Inngildingarsjóður lista og menningar.....	35
5.2.1 Settur verði á fót inngildingarsjóður lista og menningar.....	35
5.2.2 Starfshópur um inngildingarsjóð.....	35
5.3 Aukin inngilding í menningarsjóðum ríkisins.....	36
5.4 Tryggt aðgengi að listnámi.....	36
5.5 Aðgengi og inngilding utan höfuðborgarsvæðisins.....	37
5.6 Margþætt mismunur og aðgerðir til að auka inngildingu fyrir öll.....	37
5.7 Ábyrgð opinberra fjölmiðla og kröfur til styrkþega opinbers fjármagns.....	38
5.7.1 Markviss aukinn sýnileiki fatlaðs fólks í opinberu sjónvarpsefni.....	38
5.7.2 Aðgengilegt sjónvarpsefni fyrir blinda og sjónskerta.....	38
5.7.3 Veiting opinberra styrkja til fjölmiðlunar og menningar skal vera háð því að afurðin verði aðgengileg öllum.....	38
6. Samráð og eftirfylgni.....	39
Heimildir.....	40

1. Formáli

Skýrsla þessi á sér töluvert langan aðdraganda en eftir að vinna við hana hófst var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur á Alþingi þann 12. nóvember 2025.

Vorið 2024 samþykkti Alþingi landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. Landsáætlunin var liður í innleiðingu og lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og inniheldur 60 aðgerðir sem skiptast í sex flokka (A-G). Aðgerð B12 fjallar um aukna þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi og var á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðuneytis - nú menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis. Aðgerð B12 hljóðar svo:

Stofnaður verði vinnuhópur sem skoði leiðir til þess að auka þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi, bæði hvað varðar aðgengi að listum og menningu og listsköpun. Þátttaka í menningarlífi felur í sér tækifæri til að mæta á sýningar, tónleika og viðburði, til að njóta listar á hvaða formi sem er og til að starfa sem listafólk; sýnendur og höfundar verka. Auk þess verði horft til þess að auka aðgengi fatlaðs fólks að listnámi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir telst fatlað fólk vera:

Fólk með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.

Þrátt fyrir að fatlað fólk sé um 16% íbúa hvers samfélags og tilheyri einum stærsta minnihlutahópi í heimi fær það oft síðast viðurkennd mannréttindi (Quinn & Degener, 2002). Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Engu að síður er það staðreynd að fatlað

fólk á Íslandi sem og víða annars staðar nýtur ekki mannréttinda til jafns við aðra.

Starfshópurinn

Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra, skipaði starfshóp hagaðila þann 27. nóvember 2024 til að fylgja eftir aðgerð B12 í landsáætluninni.

Í starfshópnum sátu:

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar

Margrét M, Norðdahl, tilnefnd af Þroskahjálpi

Kjartan Þór Ingason, tilnefndur af ÖBÍ réttindasamtökum

Ólafur Snævar Aðalsteinsson, tilnefndur af List án landamæra

Helga Rakel Rafnsdóttir, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna

Varamenn:

Agnar Jón Egilsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar

Sunna Elvira Þorkelsdóttir, tilnefnd af ÖBÍ réttindasamtökum

Haraldur Civelek, tilnefndur af Þroskahjálpi

Ásta Sóley Haraldsdóttir, tilnefnd af List án landamæra

Þórður Högnason, tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna

Starfsmenn starfshóps fyrir hönd ráðuneytis voru Marta Nordal og Hekla Björk Hólmarsdóttir.

Í starfshópnum sat fólk með persónulega reynslu af fötlun, þar á meðal hreyfihömlun, þroskahömlun, einhverfu og ADHD. Hópurinn hefur viðtæka snertifleti við menningarlífið í landinu - í gegnum listahátíðir, myndlistarsöfn, leikhús, menningarhús og hagsmunasamtök fatlaðs fólks - og nýtti þá reynslu í greiningarvinnunni. Þátttakendur í starfshópnum hafa allir barist fyrir jafnrétti og aðgengi að menningu og listum. Fjórir þeirra starfa sem listafólk í sjónlistum, sviðslistum og kvikmyndagerð og hafa staðið að ýmsum lista- og

menningarviðburðum. Af þessum fjórum höfðu þrír aðgengi að listmenntun en einn hefur, vegna kerfislægrar mismununar sem er innbyggð í menntakerfið, ekki fengið tækifæri til að sækja sér listmenntun á háskólastigi á því fagsviði sem hann starfar á.

Þrír meðlimir starfshópsins tóku þátt í málþingi um birtingarmyndir fötlunar í sviðslistum sem Þjóðleikhúsið stóð fyrir í október 2022 í kjölfar gagnrýni REC Arts og leikhúsgagnrýni Nínu Hjálmarsdóttur á leiksýningunni *Sem á himni*. Í framhaldi af umræðunni tók hópur fólks sig saman, listafólk, fatlað fólk og aðgerðasinnar, sem vildi vinna að breyttu menningarumhverfi og auknu aðgengi jaðarsettra hópa að listum, listmenntun og menningargeiranum á Íslandi. Úr þessu varð til hópurinn -„Menningarbreytingin“.

Áður en Menningarbreytingin varð til hafði fjöldi einstaklinga, samtaka og hópa barist árum saman fyrir inngildingu og aðgengi að menningu listum og listmenntun, þar á meðal fatlað listafólk, Þroskahjálp, Tabú, ÖBÍ, List án landamæra og ýmsar grasrótargreyfingar. Sú barátta lagði grunn að þeim breytingum sem síðar urðu. Menningarbreytingin benti á skort á fjölbreytileika og aðgengi jaðarsettra hópa, svo sem fatlaðs fólks, fólks af erlendum uppruna, trans og kynsegin einstaklinga að menningarlífinu. Þrátt fyrir að þessir hópar séu stór hluti samfélagsins birtast sögur þeirra sjaldan í listum. Þegar þær birtast eru þær oft litaðar af skaðlegum staðalímyndum.

Að mati Menningarbreytingarinnar hefur gagnrýni á slíka framsetningu ítrekað verið hunsuð af menningarstofnunum. Hópurinn krafðist róttækra breytinga á ráðningum, verkefnavali og aðgengi innan lista og menningarstofnana til að tryggja að starfsemi þeirra endurspeglaði fjölbreytileika samfélagsins. Ábyrgðin á breytingum á að hvíla á stofnunum og stjórnkerfinu, ekki jaðarsettum hópum.

Árið 2023 sendi Menningarbreytingin spurningarlista á lista- og menningarstofnanir í landinu um hvernig staðið væri að aðgengi og inngildingu í starfsemi þeirra, ásamt áskorun um úrbætur. Sú vinna ásamt baráttu listafólks, hagsmunasamtaka og baráttufólks fyrir inngildingu í listum og menningu var mikilvægur grunnur fyrir starfshópin til að byggja á í áframhaldandi vinnu.

Starfshópur kom saman á fyrsta fundi þann 10. desember 2024 þar sem farið var yfir hlutverk og verkefni hópsins:

Atriði 1 Hlutverk starfshóps er að fylgja eftir grein B.12 í landsáætlun en þar segir: *Stofnaður verði vinnuhópur til þess að auka þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi, bæði hvað varðar aðgengi að listum og menningu og listsköpun.*

Atriði 2 Skoða þarf stöðu þessara mála eins og hún er í dag og út frá þeirri stöðu setja fram markmið og aðgerðaáætlun.

Atriði 3 Annars vegar sjónarmið fatlaðra neytenda og hins vegar fatlaðs listafólks.

Atriði 4 Meginþungi þessarar skýrslu er á höfuðborgarsvæðið en starfshópur er meðvitaður um að einnig þarf að rannsaka og skilgreina stöðuna í öllum helstu landshlutum utan þess.

Starfshópurinn fundaði að jafnaði einu sinni í viku, tvær klukkustundir í senn. Skýrslugerð lauk þó ekki fyrr en í janúar 2026. Í upphafi var ákveðið að kalla ekki til varamenn nema ef forföll aðalmanna kæmu upp.

Safnað var saman innlendum skýrslum, úttektum og rannsóknum um aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu og þær gerðar aðgengilegar öllum hópnum. Einnig var útbúinn spurningalisti og sendur á helstu menningarstofnanir og hagaðila til að afla upplýsinga um aðgengis- og inngildingarstefnu innan stofnana og fá upplýsingar frá hagaðilum.

Starfshópurinn fékk fulltrúa helstu menningarstofnana ríkisins á fundi til sín. Frá Þjóðleikhúsinu mættu Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri og Vala Fannell verkefnastjóri samfélagsmála, Ragnheiður Vignisdóttir fræðslu- og útgáfustjóri Listasafns Íslands, Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kristín Eysteinsdóttir rektor Listaháskóla Íslands ásamt Þóru Einarsdóttur aðstoðarrektor og Kötlu Stefánsdóttur inngildingarfulltrúa LHÍ. Einnig var rætt við Vigdísí Jakobsdóttur, fyrrverandi listrænan stjórnanda hjá Listahátíð Reykjavíkur, og Jónu Hlíf Halldórsdóttur forseta BÍL.

Til að fá breiðari sýn á þær hindranir sem mæta fötluðu fólki og mismunandi þarfir þess líkt og þörf fyrir táknmálstúlkun og sjónlýsingar fékk starfshópurinn á fund til sín Marjakaisu Matthíasdóttur frá Blindrafélaginu og Öddu Rut Jónsdóttur táknmálstúlk frá *Hröðum höndum* en hún hefur sérhæft sig í táknmálstúlkun leiksýninga á Íslandi.

Í skýrslu þessari er farið yfir helstu niðurstöður íslenskra rannsókna um aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu. Aðgengi er skipt í tvo flokka:

- Ytra aðgengi: Líkamlegt eða áþreifanlegt aðgengi og aðgengi gesta að menningarefni sem framleitt er.
- Innra aðgengi: Þátttaka fatlaðs listafólks í listum eða listsköpun.

Oft beinist athygli eingöngu að ytra aðgengi, sem sannarlega er mikilvægt, en innra aðgengi, sem er erfiðara að festa hendur á, hefur víða setið á hakanum.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að skoða stöðuna innan opinberra listastofnana sem framleiða efni og ráða til sín listafólk sem og innan opinberra úthlutunarsjóða lista. Einnig er fjallað um aðgengi fatlaðs fólks að listnámi við Listaháskóla Íslands. Ítrekað hefur verið bent á skort að aðgengi ákveðinna hópa fatlaðs fólks að listmenntun, líkt og fólks með þroskahömlun.

Jafnframt er gerð grein fyrir inngildingarstefnu Listahátíðar í Reykjavík sem hefur verið fyrirmynd í aðgengi og inngildingu í allri starfsemi sinni. Í lok skýrslunnar leggur starfshópur fram ítarlegar tillögur til úrbóta.

Þar sem um víðfeðmt efni er að ræða nær skýrslan ekki til allra þátta þessa málefnis og því er megináhersla lögð á höfuðborgarsvæðið. Það er von starfshópsins að skýrslan gefi nægilega skýra mynd af stöðunni eins og hún er og sé upphaf aðgerðaáætlunar til að bæta aðgengi og inngildingu fatlaðs fólks í listum og menningu til framtíðar. Í framhaldinu er lagt til að ráðist verði í sérstaka greiningu á aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum utan höfuðborgarsvæðisins með aðgerðaáætlun sem miðast sérstaklega við hvern landshluta. Þetta er hægt að vinna í samstarfi við svæðisbundna menningarsjóði, listafólk og sveitarfélög. Jafnframt þarf að skoða stöðu jaðarsettra hópa út frá margþættri mismunun (intersectionality) þar sem fötlun

getur skarast við kyn, kynhneigð, aldur, uppruna, efnahagsstöðu og aðra samfélagslega þætti. Nauðsynlegt er að greina þessa margþættu stöðu og leggja fram aðgerðaáætlun sem tryggir að öll sem standa utan meginstrauma menningar fái jöfn tækifæri til þátttöku í listum og menningu, óháð búsetu eða bakgrunni.

Þó að skýrslan fjalli um inngildingu og aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu þarf inngilding að ná yfir alla jaðarsetta hópa og byggjast á þverfaglegu mannréttindasjónarhorni. Fötlun tengist jafnframt kynjajafnrétti, fjölmenningu og LGBTQ+ málum. Til þess að öll fái notið þess réttar þarf markvissar aðgerðir, endurmat, eftirfylgni og stuðning því það blasir við að á öllum æviskeiðum er aðgengi mismikið að listum og menningu.

Inngangur

Listir eru allt um kring og hafa djúp og órofin tengsl við líf manneskju frá fæðingu til dauða.

Börn eru skapandi í eðli sínu og listsköpun getur verið mikilvæg fyrir þroska þeirra og sjálfsmynd. Þau þróa sköpun sína með því að prófa sig áfram, teikna, mála, syngja og leika. Frásagnir, fyrirmyndir og mynstur sem þau uppgötva í listum geta haft áhrif á það hvernig þau túlka heiminn í kringum sig. Á unglingsárum byrjar sjálfsmyndin að mótast meira og unglingar tengja sig við tónlist, myndlist eða annað sem speglar þeirra eigin upplifun af lífinu. Það verður mikilvæg leið til að skapa tengsl við annað fólk og samfélagið. Á fullorðinsárum heldur tengingin við listir áfram að þróast, oft með meiri dýpt og fjölbreytni. Mörg leggja listirnar fyrir sig sem fag en önnur halda áfram að skapa sér til ánægju. Listir geta á þessum tíma verið bæði afleiðing og uppspretta persónulegrar reynslu og mótað sýn á heiminn. Á efri árum, þegar fólk lítur yfir farinn veg, verður list og listupplifun oft hluti af því að kalla fram minningar. Bókmenntir og tónlist getur veitt huggun og hugarró og kallað fram ljúfar tilfinningar og minningar. Listir á þessu aldursskeiði geta líka verið mikilvægur þáttur í því að tengja við aðra.

Menning og listir eru í grundvallaratriðum meðal helstu stoða samfélagsins. Þær móta sjálfsmynd þjóðarinnar, styrkja lýðræðið, stuðla að nýsköpun og skapa umtalsverð efnahagsleg verðmæti. Það að fá að njóta lista eða starfa sem listamaður á ekki að vera forréttindi fárra heldur réttur allra. Þátttaka fatlaðs fólks í menningu og listum er því ekki þjónusta heldur mannréttindamál. Samkvæmt 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er ríkinu skylt að tryggja jafnan rétt fólks til þátttöku í menningarlífi og listum. Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur sem mætir ólíkum hindrunum - allt frá líkamlegum aðgengishindrunum til kerfislegra hindrana í menntakerfinu og oft margþættri mismunun (intersectionality) þar sem fötlun skarast við kyn, kynhneigð, uppruna og aðra jaðarstöðu.

2. Ytra aðgengi - að njóta lista

Aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum eru grundvallarmannréttindi og forsenda virkrar samfélagsþátttöku. Hugtakið ytra aðgengi nær bæði til áþreifanlegs aðgengis að byggingum og óáþreifanlegs aðgengis að listviðburðum og upplýsingum. Í byggingareglugerð nr. 112/2012 segir að með aðgengi fyrir alla sé átt við:

„... að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli, fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra (byggingarreglugerð nr. 112/2012, 2. gr.).

Ytra aðgengi felur einnig í sér að menningarstofnanir bjóði upp á fjölbreyttar leiðir til þátttöku, svo sem aðgengilegar upplýsingar, skynvænt umhverfi og miðlun efnis á mismunandi formi, t.d með því að:

- Lýsingar og merkingar séu á aðgengilegu formi.
- Boðið sé upp á skynvænt umhverfi og góða hljóðvist.
- Boðið sé upp á sjónlýsingu og táknmálstúlkun á viðburðum
- Allt ritað mál sé á auðlesnu máli.
- Allar upplýsingar aðgengilegar og skýrar. Öll forrit og vefir séu í samræmi við WCAG-aðgengisstaðalinn.

Á undanförunum árum hafa margar af okkar helstu opinberu menningarstofnunum, svo sem Þjóðleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn, Þjóðminjasafnið, Listasafn Íslands, Borgarleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Menningarfélag Akureyrar, Listasafn Akureyrar og Ríkisútvarpið lagt vaxandi áherslu á aðgengi. Þessar stofnanir gegna lykilhlutverki í að móta menningarumhverfi þar sem aðgengi er sjálfsagður þáttur. Þetta eru þó ólíkar stofnanir að umfangi og hafa mismunandi hlutverk. Í þessari skýrslu verður áhersla á þær menningarstofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé og hafa það meginhlutverk að framleiða listviðburði og

fastráða eða verkefnaráða listafólk. Þær stofnanir eru Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands, RÚV, Listasafn Reykjavíkur, Borgarleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Menningarfélag Akureyrar og Listasafn Akureyrar. Allar þessar stofnanir teljast leiðandi innan sinna greina og í tilfellum Menningarfélags Akureyrar og Listasafns Akureyrar leiðandi á landsbyggðinni.

2.1 Aðgengi að upplýsingum - vefsíður

Vefsíður stofnana eru oft fyrsti viðkomustaður gesta sem leita upplýsinga um aðgengi. Því er mikilvægt að upplýsingar á heimasíðum séu sýnilegar, greinargóðar og þjónusta sé veitt á jafnræðisgrundvelli. Mikilvægt er að menningarstofnanir setji sér aðgengisstefnu og séu samtaka í að tryggja gott aðgengi fyrir alla notendur vefsins, óháð fötlun eða tækjabúnaði. Taka þarf mið af þörfum ólíkra hópa, svo sem blindra og sjónskertra, lesblindra, döff/táknmálstalandi, notendum auðlesins máls, annarra hópa fatlaðs fólks, eldra fólks og þeirra sem tala annað mál en íslensku. W3C-samtökin gefa út staðal (WCAG) sem leiðbeinir um hvernig vefefni skuli gert aðgengilegt öllum. Vefsíður sem samræmast WCAG-staðlinum eru yfirleitt aðgengilegri leitarvélum og virka betur í mismunandi tækjum. Í þingmálaskrá 157. löggjafarþings má finna frumvarp til laga um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita opinberra aðila. Frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun (ESB) 2016/2102 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki. Tilskipunin mælir fyrir um samræmdar lágmarksreglur um 15 aðgengi að opinberum vefjum, einkum með tilliti til fatlaðs fólks. Gildissvið hennar er afmarkað við vefi og smáforrit opinberra aðila. Meginreglan er að ríkin tryggi að slíkir vefir og forrit séu skynjanleg, skýr og skiljanleg, nothæf og trygg. Samkvæmt tilskipuninni skulu stjórnvöld fylgjast með því að opinberir vefir uppfylli lágmarksaðgengiskröfur og tryggja borgurum rétt til að leita til úrlausnaraðila um hvort þær séu uppfylltar.

Einnig er brýnt að tryggja notendavænar upplýsingar um aðgengislausnir menningastofnana á vefsíðu. Nokkur dæmi eru þó um að erfitt sé að finna upplýsingar um aðgengi á heimasíðum menningarstofnana og á það bæði við um aðgengi að byggingum sem og upplýsingar um þá þjónustu sem þessar

stofnanir veita til að auka aðgengi. Í Listasafni Íslands er ekki skýrt hvar sérmerkt bílastæði er að finna eða hvernig hjólastólaaðgengi er háttað. Á heimasíðu flestra annarra stofnana eru þó upplýsingar auðfundnar og greinargóðar og alls kyns ítarefni þar að finna sem gefur gestum færi á að undirbúa heimsókn sína betur. Á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur er t.d. varað við því að lýsing í sölum safnsins gæti verið sterk og þar má einnig finna leiðarlýsingu fyrir blinda og sjónskerta gesti

2.2 Aðgengi að byggingum listastofnana

Að komast inn og út úr byggingum sem og að komast ferða sinna innan þeirra án hindrana er grundvallarskilyrði fyrir aðgengi. Byggingarreglugerð á að tryggja að nýbyggingar séu hannaðar út frá viðmiðum algildrar hönnunar. Þetta á þó ekki við um eldri byggingar sem eru húsnæði flestra menningarstofnana. Vert er að benda á að fyrir árið 2018 bar sveitarfélögum skylda til að sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, samkvæmt 34. gr. laga nr. 59/1992. Sú krafa féll út með brottfalli laga nr. 59/1992 og fór ekki inn í lög nr. 38/2018. Í samtölum við forsvarsfólk þeirra kom fram að mikilla úrbóta væri þörf og verða hér nefnd örfá dæmi um stöðu nokkurra menningarstofna varðandi aðgengi að byggingum:

Listasafn Íslands hefur yfir tveimur byggingum að ráða, þ.e. aðalsafni á Fríkirkjuvegi og Safnahúsinu við Hverfisgötu:

- Aðalsafn: Fyrir notendur hjólastóla er aðgengi fullnægjandi og lyfta er á milli hæða. Listasafnið er þó ekki með nein sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun, hvorki fyrir aðalsafn né Safnahús. Nýlega var tekið í notkun nýtt kaffihús á aðalsafni Listasafnsins við Fríkirkjuveg en þar er ekki aðgengi fyrir notendur hjólastóla á pall utandyra. Að sögn stjórnenda safnsins var ekki mögulegt að koma slíku aðgengi við innan lóðarmarka. Gott aðgengi er þó á kaffihúsið frá aðalinngangi á afgreiðslutíma safnsins.
- Safnahús. Í húsinu er lyfta og hjólastólalyfta og gegnir húsið hlutverki fræðslusafns. Fullt aðgengi er að fræðslusýningu safnsins. Þess má þó

geta að loka þurfti þremur rýmum hússins fyrir almenningi þar sem þau uppfylla ekki aðgengiskröfur. Eru þessi rými nú starfsmannarými.

Þjóðleikhúsið hefur yfir þremur sviðum að ráða, hverjum í sinni byggingunni, þ.e. í aðalbyggingu við Hverfisgötu og í Kassanum og Kúlunni við Lindargötu:

- Aðalbygging: Aðgengi að aðalbyggingu var lengi verulega ábótavant en úr því hefur verið bætt á undanförunum árum, m.a. með byggingu lyftu utan á húsinu. Aðstaða fatlaðs listafólks í aðalbyggingu er þó enn áskorun þar sem dyraop eru of þröng. Þó eru fyrirhugaðar talsverðar umbætur, t.d. með nýju hjólastólasvæði í aðalsal.
- Kassinn og Kúlan: Fyrirhugaðar eru talsverðar umbætur með bættu aðgengi að Kassanum með nýjum inngangi. Til lengri tíma eru áætlaðar framkvæmdir á nýrri viðbyggingu við Kassann sem mun gjörbreyta öllu aðgengi og bæta aðstöðu gesta og listafólks.

Í nýrri byggingum, svo sem í Borgarleikhúsi, RÚV, Hofi og Hörpu, er aðgengi mun betra og í tilfalli Hörpu er bílastæðakjallari með sérmerktum bílastæðum innangengur frá byggingunni.

Forsvarsfólk stofnana bendir á að ábyrgð á aðgengi liggi hjá eigendum bygginga, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og að þeir tryggi að aðgengi sé sómasamlegt og standist almennar kröfur. Allar þessar stofnanir hafa þrýst á ríki og sveitarfélag að gera viðunandi úrbætur.

2.3 Aðgengi að efni listastofnana

Til að fatlað fólk geti notið lista á jafnræðisgrundvelli þurfa stofnanir að veita þjónustu sem mætir ólíkum þörfum þess og eykur aðgengi að upplifun, t.d. með táknmálstúlkun, textun sýninga, auðlesnu máli, sjónlýsingu og skynvænu sýningar- og tónleikahaldi.

Dæmi um aðgengislausnir innan listastofnana:

- Þjóðleikhúsið textar sjöundu hverju sýningu og býður upp á táknmálstúlkun á a.m.k. eina barnasýningu á stóra sviðinu á hverju ári.

Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið hafa í nokkrum sýningum unnið með fyrirtækinu Hraðar hendur sem sérhæfir sig í táknmálstúlkun.

- Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið bjóða upp á skynvænt sýningarhald en það er ætlað skynsegin einstaklingum og öðrum sem geta upplifað mikla skynræna áreitni í leikhúsi. Ítarlegar upplýsingar um sýninguna eru veittar fyrir fram, tækifæri gefið til að fara inn og út úr salnum á meðan á sýningum stendur og boðið upp á róleg og skynvæn svæði í framhúsi fyrir þau sem mögulega upplifa of mikla skynáreitni. Í tengslum við skynvænar sýningar er hægt að bóka forheimsókn í Borgarleikhúsið til að skoða aðgengi og máta sæti.
- Þjóðleikhúsið er með í undirbúningi að bjóða uppá sjónlýsingu valinna verka, m.a barnaverka.
- Íslenski dansflokkurinn bauð uppá skynvæna sýningu í danssýningunni Jóladraumum sem frumsýnd var árið 2024.
- Listasafn Reykjavíkur býður upp á róleg rými og aðstöðu til að setjast niður, hvíla sig og vera með nesti. Starfsfólk safnsins getur upplýst gesti hverju sinni um við hverju megi búast varðandi áreitni eða hávaða á sýningu. Einnig býður safnið upp á sérstaka afgreiðslutíma þar sem áreitni á sýningum er stillt með þarfir fólks með ólíka skynjun í huga, t.d. ljós dempuð eða hljóð lækkað. Reglulega er boðið upp á leiðsagnir fyrir blint fólk og sjónskert og leiðsagnir á táknmáli.
- Sinfóníuhljómsveit Íslands býður reglulega upp á skynvæna tónleika þar sem gestir mega tala á meðan á tónleikum stendur og fara inn og út úr salnum að vild.
- RÚV birtir fréttæfni á auðskildu máli á heimasíðunni og fréttir sjónvarps og krakkafréttir eru jafnan táknmálstúlkaðar. Útsendingar eru frá stórmótum fatlaðs fólks í íþróttum þar sem fatlaðir álitsgjafar og fréttafólk sinnir lýsingum og álitsgjöf.
- RÚV birtir skjátexta með öllu íslensku sjónvarpsefni sem tekið er upp fyrirfram.
- RÚV umritar talað mál í skjátexta með hjálp gervigreindar.
- Borgarleikhúsið býður uppá snerti skoðunarferð fyrir blinda og sjónskerta þar sem hægt er að koma fyrir sýninga og fá að snerta leikmynd og leikmuni.

Í öllum þessum stofnunum og í flestum þeim dæmum sem upp eru talin er dagskrárvaldið á hendi ófatlaðs fólks sem vekur upp spurningar um inngildingu í ákvarðanatöku.

2.4 Fjármagn og hindranir

Fram kom hjá forsvarsfólki flestra menningarstofnana að skortur á fjármagni væri ein meginhindrun þess að stofnanir gætu gengið lengra í þjónustu við fatlað fólk. Það fjármagn sem hefur verið sett í aðgengis- og inngildingarmál innan sviðslistastofnana kemur að mestum hluta af rekstrarfé og/eða frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, jafnvel foreldrafélögum. Má í því sambandi nefna að foreldrafélag heyrnarlausra barna niðurgreiddi miða á söngleikinn Frost sem sýndur var í Þjóðleikhúsinu. Einnig hafa ÖBÍ réttindasamtök komið að niðurgreiðslu á táknmálstúlkun sýninga.

Styrkir hafa einnig verið veittir til stofnana fyrir ýmiss konar sérverkefni. Listasafn Reykjavíkur fékk sérstakan öndvegisstyrk fyrir verkefnið „Tökum höndum saman“ frá Safnasjóði til að gera aðgengisupplýsingar sýnilegri. Það skilaði sér í aukinni þjónustu við fatlaða gesti safnsins.

3. Innra aðgengi – að skapa list

Innra aðgengi felur í sér að fatlað fólk hafi raunverulegan aðgang að listum og menningu sem virkir þátttakendur en ekki einungis sem áhorfendur eða gestir. Þetta þýðir að fatlað fólk eigi rétt á að skapa, sýna og starfa innan listastofnana, hafa aðgang að úthlutunarsjóðum lista og það sé jafnræði með því og ófötlðu listafólki í listasamfélaginu.

Sýnt hefur verið fram á verulegan aðstöðumun þegar kemur að aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu. Niðurstöður rannsóknar Margrétar M. Norðdahl á stöðu listafólks með þroskahömlun leiddi í ljós að staða þess er ólík annarra í samfélaginu þegar kemur að listnámi, sýningartækifærum og möguleikum til að byggja upp feril í listum. Staða þess mótast af því rými sem samfélagið úthlutar fólki með þroskahömlun sem endurspeglar ríkjandi skilning á fötlun og stöðu fólks með þroskahömlun í félagslegu og menningarlegu samhengi. Margrét Norðdahl bendir á að:

Það hver veruháttur þess er hefur áhrif á þau tækifæri sem því býðst hvað varðar menntun sem og á því sviði sem almenni listheimurinn er. Það að þessum hópi stendur ekki fær sú leið sem flestir feta og gerðar eru kröfur um gerir það að verkum að hann öðlast ekki færi á að auka auð sinn á sviði listheimsins. (M.M Norðdahl, 2014, bls. 46).

Þrátt fyrir að hugarfarsbreyting hafi átt sér stað í samfélaginu varðandi aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu, skortir enn skýra stefnu og eftirfylgni af hálfu stjórnvalda. Breytingar sem listastofnanir og í sumum tilfellum sjálfstæðir aðilar innan lista hafa farið í eru að mestu tilkomnar vegna þrýstings frá hagsmunahópum. Hvergi hér á landi er að sjá skilyrði eða eftirfylgni stjórnvalda um að fjármagni til þessara aðila fylgi aukin inngilding. Stofnanir, sjóðir eða sjálfstæðir aðilar fá ekki aukið fjármagn í því skyni að auka sýnileika og þátttöku fatlaðs fólks í starfsemi sinni.

3.1 Innra aðgengi að lista- og menningarstofnunum

Það er brýnt að fara í markvissar aðgerðir til að auka sýnileika fatlaðs fólks, t.d. í leiksýningum og sjónvarpsefni. Um sextán prósent þjóðarinnar eru fötluð en hlutfall þeirra sem koma fram á sviði eða í sjónvarpi er mun lægra.

Mikilvægt er að inngilda fötlun sem eðlilegan og sjálfsagðan hluta samfélagsins og daglegs lífs. Því ætti fatlað fólk að koma oftar fram, óháð því hvort handrit eða efni krefst þess sérstaklega. Fatlaðir leikarar geta t.d. leikið bæði aðal- og aukahlutverk eða tekið þátt í leikverki sem statistar. Það er ekki nauðsynlegt að búa til sérstök hlutverk fyrir fatlað fólk heldur þarf að tryggja að það sé eðlilegur hluti af fjölbreyttu mannlífi á skjánum og sviðinu.

Lista- og menningarstofnanir eru reknar fyrir opinbert fé og hafa bæði yfir mannauði og fjármagni að ráða til að vera stefnumarkandi til lengri tíma. Þessar lykilstofnanir hafa því burði umfram sjálfstæða aðila til að vera leiðandi í því að tryggja aukið aðgengi og inngildingu fatlaðs fólks. Flestar þessara stofnana hafa mótað heildarstefnu sem finna má á heimasíðum þeirra þar sem fram koma markmið og framtíðarsýn. Heildarstefnur stofnana eru oft mótaðar í samráði við starfsfólk og utanaðkomandi hagsmunahópa til að tryggja sem breiðasta sýn samfélagsins. Það er mjög mikilvægt að stefnur er varða aðgengis- og inngildingarmál séu ekki mótaðar án þess að fatlað fólk, hagsmunahópar og samtök fatlaðs fólks eigi sæti við borðið.

3.1.1 Stefnumótun

Fyrir utan RÚV hefur engin þeirra stofnana sem starfshópurinn ræddi við mótað sérstaka aðgengis- og inngildingarstefnu.

- Í aðgengisstefnu RÚV „*er lögð áhersla á að aðgengi að miðlum, aðgengi í og við útvarpshúsið, aðrar starfstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglar í miðlum RÚV*“ (2022). Stefnan var unnin af starfsfólki RÚV og samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum stofnunarinnar var haft samráð við hagsmunahópa, svo sem Félag heyrnarlausra, Blindrafélagið og aðgengisfulltrúa ÖBÍ. Auk þess er í gildi þjónustusamningur á milli ríkisútvarpsins og ráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Í kafla 4 um *aðgengi að þjónustu, jafnrétti og fjölbreytileika* er fjallað

með ítarlegum hætti um aðgengismál, þ.e aðgengi fyrir blinda og sjónskerta, heyrnaskerta og heyrnarlausa, fyrir döff og fyrir fólk með þroskahömlun.

- Þjóðleikhúsið fléttar aðgengi og inngildingu inn í meginstefnu sína fyrir tímabilið 2023-27. Þar er meðal annars sett fram markmið um að „... leikhúsið endurspegli fjölbreytni samfélagsins með starfsfólki með ólíkan bakgrunn og mótun“. Í stefnu Þjóðleikhússins er fatlað fólk ekki ávarpað sérstaklega en samkvæmt viðtali við leikhússtjóra var í stefnumótunarvinnunni haft samráð við ýmsa hagaðila, m.a. samtök fatlaðs fólks. Ekki kom þó fram hvaða hópar það hefðu verið.
- Á heimasíðu Borgarleikhússins má finna stefnu Leikfélags Reykjavíkur sem rekur Borgarleikhúsið, þar segir: „Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og mismunum ekki eftir kyni né nokkru öðru.“ Ekki kemur fram hvenær stefnan var unnin eða hvort hún er enn þá í gildi. Samkvæmt upplýsingum úr Borgarleikhúsinu er fyrirhugað að fara í stefnumótun á þessu leikári og móta í leiðinni sérstaka aðgengis- og inngildingarstefnu.
- Í stefnuáherslum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir árin 2024 til 2027 kemur fram að hún eigi að vera „aðgengileg og spennandi“ og „fyrir öll“. Í svari við fyrirspurn frá starfshópnum kom fram að þrátt fyrir að ekki lægi fyrir stefna og aðgerðaáætlun um inngildingu og aðgengi fatlaðs fólks væri unnið markvisst að ákveðnum verkefnum þar sem inngilding, samstarf og samvinna væri útgangspunktur og lýst yfir fullum vilja til að vinna sérstaka inngildingarstefnu í framtíðinni.
- Í stefnu Menningarfélags Akureyrar, sem finna má á heimasíðu þess, er hvorki talað um aðgengi né inngildingu en samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni stendur það til bóta.
- Listasafn Akureyrar hefur ekki sett sér sérstaka stefnu fyrir starfsemi sína og fylgir mannréttindastefnu Akureyrarbæjar og stefnu hans í málefnum fatlaðs fólks. Var í þeirri stefnumótun haft samráð við Grófina geðverndarfélag, Sjálfsbjörg og Þroskahjálp NE.

Eins og fram hefur komið er stefnumótunarvinnan innan menningarstofnana með ýmsum hætti. Þær stefnur sem fyrir liggja eru flestar aðgengilegar á

heimasíðum viðkomandi stofnana. Ekki er þó að finna upplýsingar um hvort þeim fylgi aðgerðaáætlun eða að virk eftirfylgni sé viðhöfð.

3.1.2 Ráðningar og starfsfólk

Ekki er margt fatlað fólk í föstu starfi hjá listastofnunum um þessar mundir svo vitað sé. Samkvæmt heimildum er einn starfsmaður með hreyfihömlun í föstu starfi hjá RÚV og hjá Listasafni Akureyrar hefur fatlað fólk á liðnum árum verið hluti af starfsfólki safnsins. Nokkur dæmi eru um að fatlað fólk hafi verið verkefnaráðið og þá ýmist sem listamenn í einstök verkefni eða sem ráðgjafar. Þetta á einkum við um sviðslistastofnanir en verkefnum þar sem fatlað listafólk eru höfundar eða þátttakendur hefur fjölgað hjá þeim á undanförunum árum. Þróunina má án efa þakka baráttu fatlaðs fólks fyrir aukinni inngildingu og aðgengi að listastofnunum og virðist þessi þróun einna lengst komin innan sviðslistastofnana.

Á leikárinu 2024-25 framleiddi Þjóðleikhúsið leiksýninguna *Taktu flugið, beibi* þar sem Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, fötluð sviðslistakona, var bæði aðalleikkona verksins og höfundur þess. Sýningin var sjálfsævisöguleg og gaf innsýn í veruleika fatlaðs fólks. Í Borgarleikhúsinu var leiksýningin *Fúsi, aldur og fyrri störf* sett upp í samstarfi við leikhópinn Monochrome og List án landamæra árið 2023. Verkið segir sögu Sigfúsar Sveinbjörns Svanbergssonar sem er með þroskahömlun og lék eitt aðalhlutverkanna ásamt því að vera meðhöfundur. Í barnasýningunni *Fúsól* sem sett var upp í Borgarleikhúsinu árið 2023 var einn leikaranna barn með downs-heilkenni. Í sýningunni *Góða ferð inn í gömul sár* sem frumsýnd var árið 2023 voru tveir þátttakenda í sýningunni, Embla Guðrún Ágústsdóttir, fötluð sviðslistakona og aktivisti og Ólafur Helgi Moberg (Starína), fatlaður tískuhönnuður og dragdrottning. Einnig hefur leikhópurinn Perlán haft æfinga- og sýningaaðstöðu hjá Borgarleikhúsinu í rúma tvo áratugi. Leikhópurinn er sjálfstæður leikhópur fatlaðs listafólks og tekur ekki þátt í sýningum leikhússins. Hjá Íslenska dansflokknum var einn döfðdansari í sýningunni *Orfeus og annað slúður* sem frumsýnd var árið 2025 og í sýningunni *Garðinum* frumsýnd 2026. Hluti kóreógrafiunnar í Orfeus var táknmálstúlkaður og allt kynningarefni á táknmáli. Á árinu 2025 frumsýndi leikhópurinn Stertabenda leiksýninguna *Skammarþríhyrninginn* þar sem einn þátttakenda var aðurnefnd sviðslistakona Embla Dögg Ágústsdóttir.

Í myndlist ber sérstaklega að nefna frumkvöðlastarf Safnasafnsins sem lengi hefur unnið markvisst að inngildingu. Hafnarborg í Hafnarfirði hefur átt í samstarfið við List án landamæra og haldið einkasýningar fatlaðs listafólks. Innan stærri stofnana má nefna sýninguna *Við sjáum óvænt abstrakt* í Listasafni Íslands árið 2024 sem haldin var í samstarfi við List án landamæra. Þar kom saman fatlað og ófatlað fólk úr mismunandi áttum og af ólíkum kynslóðum þar sem verk fatlaðra listamanna voru sett í samhengi við verk þekktari listamanna. Í Listasafni Reykjavíkur sýndi Guðrún Bergsdóttir, listakona með þroskahömlun, verk sín á sýningunni *Spor og þræðir* í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík árið 2022. Einnig var yfirlitssýning á verkum Guðrúnar í Gerðasafni árið 2025.

Innan tónlistar er Sinfóníuhljómsveit Íslands langstærsta menningarstofnunin. Þar hefur verið unnið að sérstökum inngildingarverkefnum á undanförunum árum, t.d. í samstarfi við Félag heyrnarlausra og kór heyrnarlausra. Dæmi eru um að innan ungsveitar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi tónlistarfólk fengið inngöngu sem þurft hafi aðstoðarmanneskju. Þetta eru góð dæmi um að ytra aðgengi sé bætt en óljósara hvernig unnið er með innra aðgengi líkt og þátttöku fatlaðs tónlistarfólks og tónskálda.

Dæmi um inngildandi verkefni á vegum RÚV má nefna sjónvarpsþættina *Með okkar augum* sem eru í umsjá fólks með þroskahömlun og hafa þessir þættir fest sig í sessi. Krakka RÚV hefur einnig inngildingu í fyrirrúmi í öllu sínu starfi og börn sem þar koma fram eru úr margvíslegum jaðarsettum hópum. Í útsendingum frá stórmótum fatlaðs íþróttafólks eru álitsgjafar og fréttamenn iðulega úr hópi fatlaðs fólks. Þrátt fyrir mörg jákvæð dæmi á borð við *Með okkar augum* hefur RÚV ekki tryggt að fatlað fólk hafi raunveruleg áhrif á dagskrárgerð eða sé sýnilegt í fjölbreyttum hlutverkum sem dagskrárgerðarfólk eða viðmælendur.

Samkvæmt upplýsingum frá listastofnunum er leitast eftir að ráða fjölbreyttan starfshóp og standa fyrir inngildandi starfsemi. Að mati forsvarsfólks sviðslistastofnana er ein helsta áskorun frekari inngildingar skortur á framboði menntaðs, fatlaðs sviðslistafólks sem tengist hindrunum í aðgengi að háskólanámi í listum. Helstu áskoranir að mati forsvarsfólks RÚV er að fá fólk úr jaðarsettum hópum til að sækja um störf og koma með hugmyndir að

dagskrárefni. Flest voru þó sammála um að skortur á viðbótarfjármagni væri ein meginhindrunin varðandi frekari inngildingu fatlaðs fólks innan opinberra lista- og menningarstofnana.

3.2 Innra aðgengi að sjálfstæðri listastarfsemi

Stærstur hluti listafólks á Íslandi er sjálfstætt starfandi og meginforsenda þess að það geti framfleytt sér á list sinni er að hafa aðgang að fjármagni og rými til að sýna og/eða flytja list sína. Stærsti úthlutunarsjóður lista er launasjóðurinn *listamannalaun* sem hefur þann tilgang að efla listsköpun í landinu. Stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðnum og setur fram heildaráherslur fyrir listamannalaun til þriggja ára í senn. Heildarstefnan er kynnt fyrir helstu fagfélögum lista og unnin í samráði við þau. Í áherslum stjórnar 2026-28 er lögð áhersla á fjölbreytni og að við úthlutun sé horft til þátta sem:

„... endurspeгла fjölbreytni listafólks í landinu, nýliðun á fagvettvangi, kynjadreifingu og búsetudreifingu“ (2026-28).

Launasjóðir listamannalauna eru sjö talsins. Þeir eru fyrir hönnuði, myndlistarfólk, rithöfunda, sviðslistafólk, tónlistarflytjendur, tónskáld og kvikmyndahöfunda. Yfir launasjóði er svo skipuð fagleg úthlutunarnefnd sem úthlutar starfslaunum einu sinni á ári. Auk launasjóðs listamanna eru eftirtaldir verkefnasjóðir í öllum listgreinum: sviðslistasjóður, myndlistarsjóður, tónlistarsjóður, bókmenntasjóður, kvikmyndasjóður, hönnunarsjóður og barnamenningarsjóður.

Engin sérstök inngildingarstefna hefur verið sett fram í þessum sjóðum en markmið þeirra er að styðja við fjölbreytt verkefni og listamenn innan hvernar greinar fyrir sig. Dæmi eru þó um að einstaka sjóðir hafi tekið skref í átt að frekari inngildingu. Í umsóknareyðublaði sviðslistasjóðs í flokknum *markhópur og aðgengi* hefur orðinu *aðgengi* verið bætt við án þess þó að skilgreina nánar hvað í því felst. Þess má líka geta að flest þau verkefni sem hlotið hafa brautargengi í gegnum menningarsjóði þar sem fatlað fólk hefur ýmist verið þátttakendur eða höfundar voru styrkt af launasjóði sviðslista og

sviðslistasjóði. Þetta eru t.d. verkin *Eyja* sem var frumsýnt árið 2022 í sviðsetningu leikhópsins ON, *Stroke* sem var frumsýnt árið 2024 í sviðsetningu leikhópsins Trigger Warning, *Madame Tourette* sem frumsýnt var árið 2022 í sviðsetningu leikhópsins Undur og stórmerki, Eden sem frumsýnd var árið 2024 og *Skammarþríhyrningurinn* sem frumsýndur var árið 2025 í sviðsetningu leikhópsins Stertabendu. Framfarir í þessum málum virðast því hafa verið einna mestar innan sviðslista. Í umsóknarkerfi listamannalauna er ekki hægt að greina hvort umsækjandi sé fatlaður eða ekki og því liggja ekki fyrir töluleg gögn um þátttöku fatlaðs listafólks. Eitt af því sem umsækjendur þurfa að gera grein fyrir þegar þeir sækja um starfslaun er að tilgreina menntun sína á sviði lista. Þetta er veruleg hindrun fyrir fatlað listafólk sem ekki hefur sama aðgang að listmenntun og aðrir og minnkar vægi þeirra í umsóknum eða fælir það frá því að sækja um. Fyrir listafólk með ósýnilegar fatlanir á borð við geðfatlanir, þar sem dagsform einstaklings getur sveiflast milli tímabila, eða fyrir listafólk með þroskahömlun geta umsóknarvefir og styrkjakerfi verið of flókin. Því þyrfti að tryggja fjölbreyttum hópi fatlaðs fólks stuðning við utanumhald og meðferð styrkumsókna.

Sjálfstæð listastarfsemi, svo sem listahátíðir og listarými, er yfirleitt með tímabundna samninga við ríki og/eða borg og eru ýmist sjálfseignarstofnanir eða sjálfstæð félög. Ekki er vitað til að fjárveitingaraðili geri kröfu um inngildingu og aðgengi fatlaðs fólks í slíkum samningum. Þó eru dæmi um að sjálfstæðir aðilar hafi tekið frumkvæði í þessum málum í samræmi við umræðuna í samfélaginu. Þrjár listahátíðir hafa t.d. að eigin frumkvæði tekið skýra stefnu í átt að inngildingu og aðgengi þó með ólíkum hætti sé:

- Listahátíðin List án landamæra hefur frá stofnun árið 2003 verið frumkvöðull í inngildingu og sýnileika fatlaðs listafólks í íslensku menningarlífi. Hátíðin hefur skapað vettvang þar sem fatlað og ófatlað fólk vinnur saman að listsköpun og hefur átt í víðtæku samstarfi við menningarstofnanir um land allt, svo sem Hafnarborg, Norræna húsið, Listasafnið á Akureyri og Gerðarsafn. Með framsæknu samstarfi, sýningum og fræðslu hefur hátíðin stuðlað að því að fatlað listafólk njóti viðurkenningar sem fagfólk í listum. Fjölmörg verkefni innan stærri stofnana hafa orðið til tengslum við List án landamæra sem hefur

Þannig haft raunveruleg áhrif á þróun inngildingar í íslensku listalífi. Hátíðin er einstakt dæmi um grasrótastarf sem hefur skapað varanlegar breytingar og breiðari sýn á fjölbreytileika í menningu og listum á Íslandi.

- Listahátíð í Reykjavík hefur vakið athygli fyrir vel útfærða og róttæka inngildingarstefnu sem aðrar stofnanir geta horft til. Listahátíð starfar samkvæmt þríhliða samningi við Reykjavíkurborg og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og er haldin annað hvert ár. Listahátíð fór í almenna stefnumótun árið 2016 þar sem erindi hennar var endurskoðað og skýrari áherslur á aðgengi og inngildingu. Gerð var sérstök aðgengis- og inngildingarstefna árið 2023 og þar segir: *Aðgengi og inngilding verða ekki aðskilin frá neinum þætti starfsemi Listahátíðar heldur eru samofin henni og hafa áhrif frá ráðningu starfsfólks til markaðs- og kynningarstarfs, listrænnar dagskrárgerðar, framkvæmdar sjálfrar hátíðarinnar og skrásetningar á henni* (2023). Inngildingarstefna Listahátíðar er sýnileg á heimasíðu hátíðarinnar og þar er áhersla á aðgengi í allri starfsemi. Samkvæmt viðtali við fyrrverandi listrænan stjórnanda hátíðarinnar er sérstakur aðgengisfulltrúi ráðinn fyrir hverja hátíð og aðgengi ávarpað á öllum stigum, hvort sem um er að ræða verkefnaval, sýningarstaði, þátttakendur eða skrásetningu. Listahátíð hefur ekki yfir varanlegu sýningarrými að ráða fyrir viðburði en alltaf eru valin rými sem eru aðgengileg fyrir alla eftir að sérstakur gátlisti hefur verið sendur á sýningarstaði. Gætt er að því að öll markaðssetning sé aðgengileg en ekki útilokandi, t.d. hvað varðar orðalag og myndefni. Eina starfsfólkið í föstu starfi hjá Listahátíð eru listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri. Annað starfsfólk er verkefnaráðið fyrir hverja hátíð. Fatlað fólk hefur verið í hlutverki ráðgjafa varðandi aðgengi og inngildingu. Öll verkefni sem eru á dagskrá Listahátíðar eru aðkeypt eða í samstarfi við listastofnanir. Meðal inngildandi verkefna á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík var sýningin *Spor og þræðir* í Listasafni Reykjavíkur árið 2022 þar sem listakonan Guðrún Bergsdóttir var meðal sýnenda, danssýningin *Dúettar* þar sem fatlað fólk var meðal þátttakenda, leiksýningin *Eden* þar sem

fatlaða sviðslistakonan Embla Guðrún Ágústsdóttir var önnur höfunda og leikara og danssýningin *Everybody Electric*.

- Reykjavík Dance Festival (RDF) er sjálfstæð, alþjóðleg danshátíð sem var sett á laggirnar árið 2002 og hefur verið haldin árlega síðan. RDF hefur í dagskrá sinni lagt mikla áherslu á inngildingu og sýnt fjölmörg verk eftir fatlað fólk, t.d. verkið *Gentle unicorn* eftir Chiari Bersani árið 2022 og *Dúetta* eftir Ásrúnu Magnúsdóttur árið 2024. Auk þess var boðið upp á dansnámskeið fyrir fatlaða og ófatlaða þátttakendur árið 2022 í samstarfi við danskompaníið Spinn. Þá stóð hátíðin að sérstöku málþingi um inngildingu haustið 2024 sem bar yfirskriftina *Leiðir til jafnræðis í listum*. Meðal fyrirlesara var Abid Hassim, forstöðumaður fjölbreytni hjá Arts council á Englandi, og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, sviðslistakona.

4. Listnám

Í samfélaginu er lögð áhersla á menntun sem undirbúning fyrir ólík störf og fjölbreyttan starfsvettvang. Þetta á einnig við um listgreinar og listnám og því eðlilegt að ungt fólk, fatlað og ófatlað, vilji mennta sig til að auka möguleika sína. Skortur á tækifærum fatlaðs fólks til menntunar er í miklu ósamræmi við áherslur stjórnvalda og þær mannréttindaskuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir. Listnám frá barnsaldri til fullorðinsára getur skipt sköpum fyrir þau sem ætla sér að starfa í listum þar sem það veitir bæði tæknilega færni og eykur þá sjálfsþekkingu sem er nauðsynleg til að þróast sem listamaður. Listnám snýst ekki bara um að mála, syngja eða leika. Það snýst líka um að þróa skapandi hugsun, tjá sig og tengjast heiminum og samfélaginu á dýpri hátt. Í námi fær fólk tækifæri til að þróa verk sín, gera mistök, tengjast öðrum og fá leiðsögn fagfólks. Listnám veitir áþreifanlega færni sem er ómissandi fyrir listafólk á öllum aldri. Þá benda rannsóknir til þess að listnám og listmeðferðir geti hjálpað fjölbreyttum hópum fatlaðs fólks, t.d. einstaklingum með geðfatlanir, að finna tilfinningalegt jafnvægi og tjá upplifun sem ekki er hægt að segja í orðum.

Listnám barna: Mikilvægt er að kynna börn fyrir listum strax frá unga aldri. Börn sem fá tækifæri til að tjá sig í gegnum myndlist, tónlist, sviðslistir og ritlistir læra að skoða heiminn á fjölbreyttan hátt og þróa með sér bæði tæknilega færni og sköpunargleði. Listnám getur hjálpað þeim að byggja upp sjálfstraust, finna eigin hæfileika og þróa með sér rökhugsun, sköpunargleði og lausnamiðaða hugsun. Auk þess getur listnám styrkt félagsfærni þar sem börn læra að vinna saman í hópum, deila hugmyndum og virða skoðanir annarra.

Listnám unglunga: Á þessum árum þegar sjálfsmyndin er að þróast getur listnám verið liður í að dýpka innsæi og finna eigin rödd, hvað varðar form, viðfang og efni. Listnám getur veitt unglingum dýpri skilning á þeim sjálfum og menningunni sem þeir tilheyra og getur endurgjöf frá jafningjum og leiðbeinendum/kennurum verið dýrmæt og þroskandi. Jafnframt er

listnám á barns- og unglingsaldri mikilvægur undanfari frekari menntunar á fullorðinsárum.

Listnám fullorðinna: Þegar einstaklingur nær fullorðinsárum og vill leggja listina fyrir sig getur listnám verið ein forsenda þess að byggja upp listferil og tengslanet. Á vettvangi formlegrar framhaldsmenntunar í listum fær einstaklingurinn tækifæri til að vinna með öðru listafólki og fá endurgjöf á eigin verk. Þetta ferli er mikilvægt og snýst ekki bara um að bæta tæknilega færni heldur líka að öðlast skilning á því hvernig listir nýtast í nútímasamfélagi og tengjast margvíslegum menningar- og samfélagslegum straumum.

Listir hafa mikil áhrif á samfélagið. Fyrir einstaklinga sem starfa í listinni veitir listnám tækifæri til að verða hluti af þeirri menningarlegu hreyfingu sem mótar framtíð samfélaga. Þegar tækifæri ákveðinna hópa til þess að mennta sig á sviði lista er skert skerðum við jafnframt tækifæri þeirra til þess að skapa verk sem hafa mótandi áhrif á samfélag okkar og líf. Það þarf alls konar fólk til að skapa alls konar list fyrir alls konar listunnendur

4.1 Háskólanám í listum

Aðgengi að háskólanámi í listum er forsenda þess að fatlað listafólk hafi raunveruleg tækifæri, standi jafnfætis öðru listafólki og njóti þeirra mannréttinda sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um. Flest fagfélög og listastofnanir gera ráð fyrir að listafólk sé háskólamenntað og/eða með umtalsverða atvinnureynslu á sviði lista. Því hefur hingað til verið nánast ókleifur hamar fyrir fatlað fólk að fá tækifæri til að starfa á faggrundvelli lista. Það ríkir ekki jafnrétti á vettvangi lista og það er ekki sama aðgengi að listmenntun, styrkjum, vinnuaðstöðu og tækifærum til að koma list sinni á framfæri. Ástæðurnar liggja ekki bara í námi og námskröfum heldur tengjast einnig almennum viðhorfum og skorti á skilningi, þekkingu og áhuga í samfélaginu.

Niðurstöður rannsóknar Hörpu Björnsdóttur myndlistarkonu um inngildandi nám á háskólastigi benda til þess að vel sé hægt að þróa

listnám á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun. Til þess að það sé mögulegt þurfi að líta á mannlegan margbreytileika sem styrk en ekki sem ógn við samfélagið:

Samfélagslegar hindranir standa í vegi fyrir því að fólki með þroskahömlun sé gefið tækifæri til að stunda listnám á háskólastigi til jafns við aðra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera hvatning til að hefjast handa við að undirbúa jarðvegin og bjóða fólk með þroskahömlun velkomið í Listaháskóla Íslands. (Harpa Björnsdóttir, 2021, bls. 87).

4.1.1 Stefnumótun

Eina viðurkennda listnámið á háskólastigi hér á landi fer fram í Listaháskóla Íslands (LHÍ). Þar eru starfræktar sjö listnámsbrautir: arkitektúr, hönnun, myndlist, kvikmyndir, tónlist, sviðslistir og listkennsla. Aðsetur LHÍ eru á nokkrum stöðum í Reykjavík, meðal annars Laugarnesi, Stakkahlíð og Skipholti. Húsnæðismál hafa verið ofarlega á baugi undanfarin ár og standa vonir til þess að úr þeim verði bætt á næstu árum með framtíðaruppbyggingu í Stakkahlíð þar sem allar deildir skólans verði undir sama þaki. Haustið 2024 var samþykkt ný stefna fyrir skólann fyrir árin 2024-28 og var hún unnin í breiðu samstarfi við nemendur og starfsfólk. Eitt af markmiðum nýrrar stefnu er að vera skóli fyrir öll og ryðja hindrunum úr vegi. Í aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að: „... endurskoða inntökuferla, bæta aðgengi að byggingum skólans, ráða inngildingarfulltrúa, skipuleggja inngildingarfræðslu fyrir allt starfsfólk og styðja við samstarf við jaðarhópa“ (2024). Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu LHÍ. Meðal undirstefnu nýrrar stefnu er ítarleg jafnréttisáætlun sem byggð er á samráði við fatlað fólk og er hún aðgengileg á vef skólans.

4.1.2 Líkamlegt aðgengi

Núverandi húsakynni LHÍ eru óhentug enda deildir skólans dreifðar um borgina. Aðgengi fatlaðra nemenda er því mismunandi á milli bygginga. Þar sem til stendur að flytja skólann í nýtt húsnæði hefur ekki verið ráðist í miklar framkvæmdir til að bæta núverandi aðstæður. Á vefsíðu skólans er að finna upplýsingar um aðgengi, m.a. sérmerkt bílastæði

fyrir fólk með hreyfihömlun, aðgengi fyrir skynsegin, blint og sjónskert fólk og döff og heyrnaskert fólk. Verið er að vinna í upplýsingum fyrir fólk með hreyfihamlanir.

4.1.3 Inntökuskilyrði og námsbrautir

Almenn inntökuskilyrði fyrir nám í LHÍ er stúdentspróf, lokapróf frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi, sambærilegt próf frá erlendum framhaldsskóla eða að lágmarki 60 ECTS einingar frá viðurkenndum háskóla. Í 17. grein í skólareglum listaháskólans er kveðið á um nemendur sem ekki uppfylla almenn inntökuskilyrði geti sótt um undanþágu hafi þeir lokið t.d. fjölmörgum einingum á framhaldsskólastigi eða hafið annan undirbúning sem getur undirbúið viðkomandi undir nám á háskólastigi á viðkomandi námsleið. Einnig segir í sömu reglum að heimilt sé að veita inngöngu í skólann þeim umsækjendum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem teljist fullnægjandi undirbúningur háskólanáms. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum LHÍ hefur hindrunum um tiltekinn fjölda námseininga á framhaldsskólastigi nú verið rutt úr vegi og deildum gert að horfa til fleiri og samverkandi þátta við mat á hæfi umsækjenda til að stunda nám á háskólastigi. Inngildingafulltrúi starfar við skólann og hefur m.a. það hlutverk að tryggja jöfn tækifæri umsækjenda og fræðslu inntökunefnda og unnið hefur verið að aukinni fræðslu kennara um inngildandi og nemendamiðaða kennsluhætti. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum skólans hefur LHÍ einnig eflt tengsl við námsráðgjafa framhaldsskólanna með það að markmiði að auka fjölbreytileika í hópi umsækjenda. Einnig hefur aukist fjöldi kennara með fötlun sem komið hafa að kennslu við skólann. Innan LHÍ er nú unnið að þróun diplómanáms í listum til að auka aðgengi ólíkra hópa og í tengslum við það hefur verið myndað bakland fyrir námið með hagsmunaaðilum, (fulltrúum frá Landsamtökunum Þroskahjálpi og Átaki). Hingað til hafa fatlaðir nemendur sem útskrifast af starfsbraut ekki haft þann fjölda eininga sem þarf til þess að fá undanþágu í LHÍ og því er það afar mikilvægt að í framtíðinni verði tekið tillit til annarra þátta við mat á hæfi til að stunda háskólanám.

4.1.4 Opinn listaháskóli

Opni listaháskólinn hefur verið settur á laggirnar sem að mati stjórnenda gefur mikil tækifæri til frekari inngildingar. Opni listaháskólinn er hugsaður sem endurmenntun og fyrir þá nemendur sem ekki býðst að stunda hefðbundið eða fullt nám. Markmið námsins er að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskólinn býr yfir.

4.1.5 Áskoranir

Ekki eru mörg dæmi um að nemendur með hreyfihömlun hafi fengið inngöngu í LHÍ en þó má nefna að vorið 2021 útskrifaðist Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir sviðslistakona af sviðshöfundarbraut og var hún fyrsti nemandinn með hreyfihömlun og sem notar hjólastól til að ljúka námi í sviðslistum hér á landi. Einnig lauk Íva Marín Adrichen söngnámi frá tónlistardeild LHÍ árið 2021 en hún er blind. Síðustu ár hafa a.m.k. tveir umsækjendur með þroskahömlun sótt um nám bæði í sjónlistum og sviðslistum en ekki hlotið brautargengi. Þeir hafa lýst reynslu sinni opinberlega og þar kemur skýrt fram að tvenns konar hindranir hafi vegið þungt. Annars vegar að hafa ekki haft sama aðgang að menntun eins og stúdentsprófi og hins vegar að hafa þörf fyrir stuðning innan skólans.

Meðal þeirra áskorana sem stjórnendur nefna í tengslum við frekara aðgengi að námi í LHÍ er skortur á viðeigandi fagþekkingu kennara til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Kennarar LHÍ eru líkt og aðrir háskólakennarar sérfræðingar í sinni grein og almennt ekki með sértæka kennaramenntun. Til að mæta þessari áskorun hefur skólinn því lagt áherslu á fræðslu varðandi inngildandi kennsluhætti og nemendamiðað nám. Stjórnendur nefna einnig að gera þurfi ráð fyrir kostnaði vegna stuðnings við fatlaða nemendur í fjármögnunarlíkani háskólanna.

5. Tillögur starfshóps

5.1 Aukin inngilding innan lista- og menningarstofnana

5.1.1 Gerð verði aðgengis- og inngildingarstefna hjá öllum lista- og menningarstofnunum ásamt aðgerðaáætlun og eftirfylgni

Lista- og menningarstofnanir sem eru fjármagnaðar eða styrktar af ríki og/eða sveitarfélögum skuli hafa aðgengis- og inngildingarstefnu, ásamt aðgerðaáætlun sem byggist á henni. Stefna og áætlun skal taka til ytra og innra aðgengis. Tryggja skal að aðgengi og inngilding verði samofin allri starfsemi stofnunarinnar, allt frá ráðningu starfsfólks til markaðs- og kynningarstarfs, listrænnar dagskrárgerðar, sýninga, viðburða og annarrar starfsemi á vegum opinberra lista- og menningarstofnana.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið.

5.1.2 Aðgengis- og inngildingarstefna mótuð í víðu samráði við fjölbreytta hópa

Aðgengis- og inngildingarstefna og aðgerðaáætlanir opinberra lista- og menningarstofnana skulu mótaðar í víðu samráði við fjölbreytta hópa samfélagsins, þar með talið fatlað listafólk og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Opinberar lista- og menningarstofnanir skulu endurskoða og uppfæra aðgengis- og inngildingarstefnu ásamt aðgerðaáætlun á minnst þriggja ára fresti og gera grein fyrir henni í árlegum skýrslum til stjórnvalda. Stofnunum standi til boða leiðbeiningar eða ráðgjöf frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu um viðmið fyrir aðgengis- og inngildingarstefnu. Settar verði kvaðir á stofnanir sem hafa óuppfærða eða enga aðgengisstefnu. Starfshópurinn leggur til að stjórnvöld lítil til góðrar reynslu Listahátíðar í Reykjavík við hönnun og framkvæmd aðgengis og inngildingarstefnu í störfum sínum.

Ábyrgð: lista- og menningarstofnanir.

5.1.3 Hluti fjármagns lista- og menningarstofnana fari í aukna inngildingu

Lögfesta skal ákvæði um lágmarkshlutfall fjármagns lista- og menningarstofnana sem varið er til inngildingar og aðgengis. Opinberar

lista- og menningarstofnanir sem fjármagnaðar eru af ríki og sveitarfélögum skuli veita að lágmarki 3% af árlegu rekstarframlagi í inngildingar- og aðgengisverkefni innan stofnana sinna. Val á verkefnum skuli vera í samræmi við áherslur og markmið gildandi aðgengisstefnu stofnunar og tilgreint sérstaklega í árlegu uppgjöri og/eða ársskýrslu. Starfshópurinn leggur til að ríki og sveitarfélög sýni inngildingu í verki, gangi á undan með góðu fordæmi og hækki árleg fjárframlög til lista- og menningarstofnana á sínum vegum um að minnsta kosti 3% í samræmi við árlegt hlutfall af rekstrarfé stofnana í þágu inngildingar og aðgengismála.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.1.4 Tryggt aðgengi að vefsetrum opinberra lista- og menningarstofnana og smáforritum þeirra í samræmi við WCAGstaðalinn

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra gefi út tilskipun til allra opinberra lista- og menningastofnana um að gera úttekt á vefsíðum sínum og uppfæra þær í samræmi við aðgengiskröfur WCAG-staðalsins. Jafnframt skuli allar upplýsingar um aðgengislausnir opinberra lista- og menningastofnana vera aðgengilegar á vefsíðum þeirra. Öllum opinberum lista- og menningastofnunum beri að upplýsa menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um lok uppfærslu vefsíðna í samræmi við aðgengiskröfur WCAG-staðalsins eigi síðar en hálfu ári frá móttöku tilskipunar.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.1.5 Aðgengisúttekt á lista- og menningarstofnunum

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra láti gera úttekt á ytra aðgengi opinberra lista- og menningarstofnana sem fjármagnaðar eru af ríki eða sveitarfélögum. Markmiðið verði greining á ápreifanlegum og tæknilegum aðgengishindrunum, leiðir til úrbóta og kostnaðargreining á einskíptisaðgerðum. Í kjölfarið verði gerð kostnaðaráætlun, einskíptis aðgerðum forgangsraðað, kostnaður tryggður í fjárlögum hvers árs og skýr tímalína sett fyrir verklok allra aðgerða. Undirbúningur viðmiða og

verkferla fyrir aðgengisúttekt skuli unnin í virku samráði við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.2 Inngildingarsjóður lista og menningar

5.2.1 Settur verði á fót inngildingarsjóður lista og menningar

Settur verði á fót inngildingarsjóður lista og menningar sem styður við fatlað listafólk og aðgengislausnir sem tryggja jafnt aðgengi að lista- og menningarviðburðum. Þá fái fatlað listafólk sama aðgengi og ófatlað listafólk til þátttöku í lista- og menningarlífi samfélagsins. Sjóðurinn verði opinn fyrir umsóknir lista- og menningarhátíða, menningarmiðstöðva, verkefna listhópa og verkefna fatlaðs listafólks auk þess að styðja við þá umgjörð og innviði sem þarf til að styðja við fatlað listafólk. Tryggt skuli að meirihluti úthlutunarnefndar sjóðsins sé fatlað fólk.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.2.2 Starfshópur um inngildingarsjóð

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra skipi starfshóp sem hefur það hlutverk að útfæra stofnun inngildingarsjóðs lista og menningar, þar á meðal fjármögnun, úthlutunarreglur og aðra umsýslu. Tryggja skuli að útfærsla sjóðsins skerði ekki tækifæri fatlaðs listafólks til úthlutunar úr almennum sjóðum.

Stjórn sjóðsins skuli skipuð að meirihluta fötluðu fólki og tryggt að fjármunum sé skýrt skipt milli verkefna sem snúa að ytra og innra aðgengi. Einnig skuli tryggja aðkomu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og fagfélaga í listum að starfshópnum.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.3 Aukin inngilding í menningarsjóðum ríkisins

Gerð verði skýr krafa um inngildingu í menningarsjóðum á vegum ríkisins, svo sem í listamannalaunum, sviðslistasjóði, tónlistarsjóði, hönnunarsjóði, myndlistarsjóði, bókmenntasjóði og kvikmyndasjóði. Hver sjóður skuli skila skýrslu um hvernig aðgerðaáætlun hafi verið fylgt eftir. Menningarsjóðir ríkisins skuli árlega gera grein fyrir hvernig þeir hafi stuðlað að inngildingu og hvaða árangur hafi náðst.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.4 Tryggt aðgengi að listnámi

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra í samvinnu við mennta- og barnamálaráðherra skuli bregðast við skertu aðgengi fatlaðs fólks að viðurkenndu listnámi og tryggja fötluðu listafólki jafnt aðgengi að menntun til jafns við ófatlað fólk í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á öllum skólastigum.

Til að tryggja jafnt aðgengi fatlaðra listnema að viðurkenndu listnámi verði:

- Menntastofnanir, byggingar og kennslustofur að vera aðgengileg fötluðu fólki.
- Nemendur af starfsbraut að fá viðurkennd prófskírteini sem metin eru til jafns við stúdentspróf og tryggja þeim stuðning til að stunda nám. Inntökuviðmið í listnám skuli byggjast á raunhæfri hæfni, skapandi ferli eða verkum, ekki einvörðungu á formlegum menntunarviðmiðum.
- Engum umsækjanda neitað um að sækja viðurkennt listnám á grundvelli fötlunar.
- Engum umsækjanda neitað um að sækja viðurkennt listnám á þeirri forsendu að menntastofnun geti ekki veitt fötluðum nemendum stuðning.

Starfshópurinn leggur til að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra í samvinnu við mennta- og barnamálaráðherra gefi út

fullfjármagnaða aðgerðaáætlun með tímasettum markmiðum til að tryggja skilvirkar úrbætur í þágu jafnréttis og listmenntunar fatlaðs fólks innan hálfis árs.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

5.5 Aðgengi og inngilding utan höfuðborgarsvæðisins

Í framhaldi af þessari skýrslu verði ráðist í sérstaka greiningu á aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum utan höfuðborgarsvæðisins. Slík vinna myndi leiða af sér aðgerðaáætlun sem miðast sérstaklega við hvern landshluta, í samstarfi við svæðisbundna menningarsjóði, listafólk og sveitarfélög.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.6 Margþætt mismunun og aðgerðir til að auka inngildingu fyrir öll

Jafnframt þurfi að greina stöðu jaðarsettra hópa út frá margþættri mismunun (intersectionality) þar sem fötlun getur skarast við kyn, kynhneigð, aldur, uppruna, efnahagsstöðu og aðra samfélagslega þætti. Nauðsynlegt sé að vinna nýja skýrslu sem greinir þessa margþættu stöðu og lögð verði fram aðgerðaáætlun sem tryggir að öll sem standa utan meginstrauma menningar fái jöfn tækifæri til þátttöku í listum og menningu, óháð búsetu eða bakgrunni.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

5.7 Ábyrgð opinberra fjölmiðla og kröfur til styrkþega opinbers fjármagns

5.7.1 Markviss aukinn sýnileiki fatlaðs fólks í opinberu sjónvarpsefni

Starfshópurinn leggur til að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra beini tilmælum til RÚV í gegnum þjónustusamning um að ráðast í markvissar og mælanlegar aðgerðir til að auka sýnileika fjölbreyttra hópa fatlaðs fólks í sjónvarpsefni á sínum vegum.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og RÚV.

5.7.2 Aðgengilegt sjónvarpsefni fyrir blinda og sjónskerta

Starfshópurinn leggur til að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra beini tilmælum til RÚV í gegnum þjónustusamning að tryggja sjónlýsingar á öllu innlendu dagskrárefni og að hugbúnaður sé læsilegur og aðgengilegur

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og RÚV.

5.7.3 Veiting opinberra styrkja til fjölmiðlunar og menningar skal vera háð því að afurðin verði aðgengileg öllum

Þeir sem taka við framlagi til fjölmiðlunar og menningarstarfsemi skulu þurfa að sýna fram á að þeir uppfylli kröfur um aðgengi svo öll fái notið þjónustunnar. Séu kröfur ekki uppfylltar er það hlutverk stjórnvalda að aðstoða styrkþega með fjárframlögum og leiðbeiningum enda hafa margir þessara aðila takmarkaða getu til að uppfylla þessar kröfur án leiðsagnar og stuðnings.

6. Samráð og eftirfylgni

Tryggja skal varanlegt og kerfisbundið samráð við fatlað fólk og samtök þess um innleiðingu aðgerða og eftirlit með framkvæmd þeirra. Sjálfstæður eftirlitsaðili, óháður ráðuneyti, fylgist með framvindu aðgerða til að tryggja gagnsæi og trúverðugleika í innleiðingu inngildingar- og aðgengismála.

Heimildir

Sameinuðu þjóðirnar. (2016). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* [íslensk þýðing]. Reykjavík: Velferðarráðuneytið. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur/Samningur_Sameinudu_thjodanna_um_rettindi_fatlads_folks.pdf

Byggingarreglugerð nr. 112/2012. (2012). *Sett samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010*. Reykjavík: Umhverfissráðuneytið. Sótt af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/112-2012>

Norðdahl, M.M (2014). Af því ég elska myndlist; eigindleg rannsókn á stöðu listafólks með þroskahömlun (Meistararitgerð, Listaháskóli Íslands. Skemman). <https://skemman.is/handle/1946/20349>

Björnsdóttir, H. (2021). *Hugar tvinnast - inngildandi listheimur: þróun listnáms á háskólastigi fyrir fólk með þroskahömlun* (meistararitgerð, Listaháskóli Íslands]. Skemman). <https://skemman.is/handle/1946/39185>

Quinn & Degener (2002). The current use and future potential of United Nations human rights instruments in the context of disability. United Nations, New York and Geneva.

<https://www.ohchr.org/sites/default/files/Documents/Publications/HRDisabilityen.pdf>

